



**Mýrdalshreppur**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Vík 18. október 2018

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033, 173. mál.**

Í fyrirbyggjandi tillögu Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033 eru helst tvö mál er snerta Mýrdalshrepp; Jökulsá á Sólheimasandi og hringvegur um Mýrdal.

Fyrst ber að nefna Jökulsá á Sólheimasandi en gert er ráð fyrir að 520 milljónir fari í smíði nýrrar brúar á 1. tímabili áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar því að þetta verk sé komið á áætlun enda um að ræða fyrstu einbreiðu brúna sem margir erlendir ferðamenn keyra yfir á ferð sinni um Ísland.

Hringvegur um Mýrdal og jarðgöng í Reynisfjalli eru einnig nefnd í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033 og þar lagt til að leitað verði leiða til að fjármagna slíka framkvæmd í samvinnu við einkaaðila.


Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með það að þetta verk sé loksins komið inn á samgönguáætlun. Hefja þarf mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem allra fyrst svo verkið mega komast til framkvæmda.

Óþarfi er að lýsa í löngu máli öllum þeim ástæðum sem gera nýjan láglandisveg að góðum framtíðarkosti en sveitarstjórn bendir á að aukning umferðar um Þjóðveg 1 í gegnum Mýrdal hefur verið hlutfallslega sú mesta á öllu landinu síðustu ár og umferðarpungi orðinn slíkur allt árið um kring að ekki verður slegið á frest mikið lengur að gera úrbætur til að auka umferðaröryggi. Þessi framkvæmd yrði stór liður í því.

Á fysta tímabili áætlunarinnar eru áætlaðar 450 milljónir í gerð nýs vegar um Gatnabrún. Sveitarstjórn leggur til að þeim fjármunum verði varið í aðgerðir til þess að auka umferðaröryggi í Víkurþorpi, t.d. með uppsetningu gangbrautarljósa þar sem Þjóðvegur 1 þverar þorpið. Þá mætti nýta þessa fjármuni til þess að auka umferðaröryggi um núverandi veg upp Gatnabrún og hefja þegar í stað mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna nýs vegar um Mýrdal.

Virðingarfyllt

F.h. sveitarstjórnar



Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

